



Dagsetning: 9. janúar 2025
Málsnúmer: 2411050/8.10

Til fjölskyldunefndar

MINNISBLAÐ

Afnám lágmarksaldurs fyrir frístundastyrk

Frístundastyrkurinn í Fjarðabyggð var nýverið hækkaður í 18.000 kr. á barn/ungmenni til að auðvelda fjölskyldum þátttöku barna sinna í íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarfi. Í ljósi þess að auka enn frekar aðgengi allra barna í sveitarfélaginu að styrknum er hér lögð fram tillaga um að afnema lágmarksaldur sem skilyrði fyrir nýtingu styrksins. Þessi breyting myndi tryggja að öll börn, óháð aldri, geti notið góðs af styrknum og tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi.

Ástæður fyrir tillögunni

Afnám lágmarksaldurs myndi stuðla að auknum jöfnuði og tryggja að yngri börn, sem taka þátt í frístundastarfi, geti einnig nýtt sér styrkinn. Með þessari breytingu er ætlunin að styrkja hlutverk sveitarfélagsins sem stuðningsaðila fjölskyldna og tryggja að allir íbúar njóti jafns aðgengi að frístundataækifærum, óháð aldri.

Áhrif og gildistaka

Ef tillagan er samþykkt af fjölskyldunefnd og svo bæjarstjórn, mun breytingin taka gildi strax við samþykkt bæjarstjórnar, óháð dagsetningu. Það er talið að áhrif breytingarinnar verði jákvæð á þátttöku yngri barna í frístundastarfi, án þess að valda verulegum aukakostnaði fyrir sveitarfélagið.

Samantekt

Með því að afnema lágmarksaldur fyrir frístundastyrkinn er sveitarfélagið að stíga mikilvægt skref í að tryggja að öll börn í samfélaginu, óháð aldri, hafi tækifæri til að njóta góðs af



styrknum. Þessi breyting er í takt við stefnu sveitarfélagsins um aukið jafnrétti og stuðning við fjölskyldur.

Magnús Árni Gunnarsson
Stjórnandi íþróttá og frístundamála

